

Desember 1966

5

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd.
Skrifstofur: Skólavörðustíg 12
Símar: 21775 - 21776

Fréttabréf

5

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
í desember 1966:

Björgvin Sigurðsson (formaður)
Björn Jónsson
Helgi Bergs
Hjalti Kristgeirsson
Sigurvin Einarsson
Þorvarður Alfonsson

Efnisyfirlit.

1. Nokkrar upplýsingar um efnahagsmál.

Töflur A I - II um peningamál.

Töflur B I - IV um fiskframleiðslu og útflutning.

Töflur C I - II um búvöruframleiðslu og verðlagsgrundvöll.

Töflur D I - II um fjármunamyndun.

Tafla E I um mannfjölda.

Tafla F I um innflutning.

2. Vísitölur tímakaups og kaupmáttar

tímakaups 1. 3. 1959 - 1966 (sýnishorn)

3. Leiðrétting á töflu V í Fréttabréfi 4.

Október 1966

Nokkrar upplýsingar um efnahagsmál.

Í fyrsta fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar (marz 1965) er skýrt að nokkru frá verkefnum og störfum nefndarinnar. Er þar m. a. tekið fram, að í fréttabréfinu skulu teknar saman í stuttu máli helztu upplýsingar, er fyrir liggja hjá öðrum hagstofnunum um þróun gjaldeyris- og peningamála, útflutning, framleiðslu o. fl., og á þann hátt reynt að auðvelda þeim samtökum, sem að Kjararannsóknarnefnd standa, að fylgjast með þróun þessara mála með því að safna þessum upplýsingum saman á einn stað. Gildi slíkra upplýsinga felst m. a. í því, að þær nái yfir nokkur ár í röð og að síðustu upplýsingarnar séu ekki langt á eftir tímanum.

Hér verður nú gerð tilraun til að sinna þessu verkefni að nokkru. Það er að sjálfsögðu matsatriði, hvað langt skal farið aftur í tímann, þegar slíkar upplýsingar eru birtar í fyrsta skipti, og sýnist vafalaust sitt hverjum í því efni. Að þessu sinni verður valin sú leið, að láta flestar þær upplýsingar, sem hér verða birtar, taka yfir tímabilið 1961 til þeirra nýjustu upplýsinga, sem fyrir liggja í hverju tilviki. Er þetta m. a. gert vegna þess, að væri farið lengra aftur í tímann, þyrfti að umreikna ýmsar stærðir, vegna gengisbreytinga, og þá gætu menn ekki sannfært sig um réttmæti upplýsinganna með því einfalda ráði að fletta upp þeim heimildaritum, sem hér er stuðst við.

Þær upplýsingar úr Þjóðarbúskapnum, sem að þessu sinni eru dregnar saman í nokkrar töflur, fjalla um þróun peningamála og gjaldeyrisstöðu (töflur A I - II, heimild Fjármálatíðindi), um fiskframleiðslu, útflutning og útflutningsverð (töflur B I - IV, heimildir Verzlunarskýrslur, Hagtíðindi, Fjármálatíðindi, Egir, um buvöruframleiðslu og verðlagsgrundvöll (töflur C I - II, heimild Árbók landbúnaðarins, skrifstofa Framleiðsluráðs), um fjármunamyndun í þjóðarbúskapnum (töflur D I - II, heimild Fjármálatíðindi), og um innflutning (heimild Verzlunarskýrslur). Ennfremur fylgir tafla um mannfjölgun á Íslandi árin 1960-'65, mannfjöldavísitala, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Peningamál og gjaldeyrisstaða.

Í töflum A eru dregnar saman nokkrar meginupplýsingar, sem sýna þróun peningamála frá árslokum 1961 til júníeða júliloka 1966. Tafla A I sýnir seðlavelturna (dálkur 1) í árslok 1961-'65, og í lok hvers mánaðar til júliloka á árinu 1966. Seðlaveltan er orðin sem næst tvöfalt meiri í árslok 1965 en hún var í árslok 1961, og hefur aukizt lítið eitt síðan. Seðlaveltan er einskonar ventill í Seðlabankanum. Ef Seðlabankinn eykur gjaldeyriseign sína, endurkaup á vixlum, lán til ríkissjóðs eða verðbréfaeign umfram það, sem nemur aukningu bundins sparifjár og innstæðu annara peningastofnana í Seðlabankanum, verður hann að brúa það bil með því að auka seðlavelturna. Á tímabilinu frá 31. desember 1961 til 31. júlí 1966 hefur seðlaveltan aukizt úr 509,9 millj. kr. í 1068,7 millj. kr. Næst eru sýnd heildarútlán viðskiptabanka og sparisjóða (dálkur 2) 1961-'65 í lok hvers árs og í lok hvers mánaðar 1966 til júliloka. Þessi heildarútlán banka og sparisjóða hafa aukizt úr 4547,9 millj. kr. í 9131,4 millj. kr. í júlilok 1966 eða tvöfaldast á þessu tímabili. Mest verður útlánaaukningin á heilu ári á árinu 1965 eða 1633,9 millj. króna, en næstmest á árinu 1963 eða 852,5 millj. kr. Frá 31. desember 1965 til 31. júlí 1966 höfðu heildarútlán viðskiptabanka og sparisjóða enn aukizt um 889,3 millj. kr.

Þá eru sýnd (í dálki 3) "nettóútlán" Seðlabankans, en það eru eftirtaldir liðir úr efnahagsreikningi bankans: Skuldir innlánsstofnana, fjárfestingalánastofnana, ríkissjóðs og ríkisstofnana og innlend verðbréf, að frádregnum inneignum fjárfestingalánastofnana og innstæðum á hlaupareikningum í Seðlabankanum. "Nettóútlán" Seðlabankans hafa aukizt úr 1121,2 millj. kr. í árslok 1961 í 1403,9 millj. kr. í árslok 1965 eða um 25 %, en hafa síðan lækkað aftur í 1340,2 millj. kr. í júlilok 1966 (upplýsingar eru ekki fyrir hendi um stöðuna í júlilok, þegar þetta yfirlit er tekið saman).

Loks eru erlendar skuldir sýndar í töflu A I (dálkur 4 og 5). Í dálki 4 eru sýndar erlendar skuldir opinberra aðila í árslok árin 1961-'65 (upplýsingar um 1966 ekki fyrir hendi), og hafa þær aukizt úr 2158,2 millj. kr. í árslok 1961 í 2392,4 millj. kr. í árslok 1965 eða um 10,9 %. Í dálki 5 eru á sama hátt sýndar erlendar skuldir einkaaðila. Hafa þær vaxið úr 694,9 millj. kr.

í árslok 1961 í 1519,7 millj. kr. í árslok 1965 eða meira en tvöfaldast. Mest aukast þessar skuldir árið 1964 eða um 576,0 millj. kr. Í töflu A II eru dregnar saman upplýsingar um gjald-eyrisstöðu bankanna, innlánsbindingu, spariinnlán og veltiinnlán.

Gjaldeyrisstaða bankanna (dálkur 1), gulleign og erlendum gjaldeyrir nettó, hafði batnað um 1385,3 millj. kr. frá árslokum 1961 til ársloka 1965, þ. e. gjaldeyriseignin hafði aukizt um 263,1 %. Í júlílok 1966 hafði þessi gjaldeyriseign minnkað um 192,2 millj. kr., og var þá 1719,7 millj. kr.

Bundnar innstæður í Seðlabankanum (dálkur 2) hafa vaxið úr kr. 318,2 millj. kr. í árslok 1961 í 1388,0 millj. kr. í árslok 1965 og í 1600,6 millj. kr. í júnílok 1966. Mest vex innstæðubindingin 1963, um 403,8 millj. kr., en fer síðan minnkandi, 301,2 millj. kr. 1964 og 289,9 millj. kr. 1965. Á fyrri árshelmingi 1966 hefur bundið sparifé vaxið um 212,6 millj. kr.

Spariinnlán viðskiptabanka og sparisjóða (dálkur 3) hafa aukizt úr 2725,4 millj. kr. í árslok 1961 í 6172,3 millj. kr. í árslok 1965 eða meira en tvöfaldast, og í 6626,6 millj. kr. í júlílok 1966. Mest aukast spariinnlánin árið 1965 eða um 1209,6 millj. kr. Aukningin þar á undan hafði verið tiltölulega jöfn frá 717-766 millj. kr. á ári. Frá árslokum 1965 til júlíloka 1966 vaxa spariinnlánin um 454,3 millj. kr.

Með í spariinnlánnum (í töflu A II) eru vextir af saprifénu ár frá ári, að svo miklu leyti, sem þeir eru ekki teknir út af eigendum. Þannig aukast spariinnlán í desembermánuði einum 1965 um 471,2 millj. kr. af þeim 1209,6 millj. kr., sem spariinnlánin eru talin aukast alls um á árinu. Er þar vantanlega um ársvexti af sparifénu að ræða að mestu eða öllu leyti, en einnig hugsanlegt, að sjálft spariféð hafi rýrnað í þessum mánuði, en ársvextirnir verið meiri en 471,2 millj. kr.

Æskilegt væri, að upplýsingarnar um vexti af spariinnlánnum væru birtar í aðgengilegu formi, m. a. til þess að auðvelda mönnum að gera sér grein fyrir raunverulegri sparifjármyndun.

Veltiinnlán viðskiptabanka og sparisjóða hafa aukizt úr 1051,9 millj. kr. í árslok 1961 í 1817,4 millj. kr. í árslok 1965 og 1973,5 millj. kr. í júlílok 1966. Veltiinnlán eru lausar innstæður í hlaupareikningum og ávísanareikningum. Mánaðarlega yfirlitið 1966 sýnir, að veltiinnlán breytast fram og aftur frá mánuði til mánaðar, eða á annan hátt en spariinnlánin.

Tafla A I

Kjararannsóknarnefnd

Yfirlit um peningamál

<u>I millj. kr.</u>	<u>Seðla- velta</u>	<u>Heildar- útlán viðskipta- banka og sparisjóða</u>	<u>Seðal- banki Nettó- útlán</u>	<u>Erlendar skuldir</u>	
				<u>Opinberir aðilar</u>	<u>Einka- aðilar</u>
	1	2	3	4	5
Arslok 1961	509,9	4547,9	1121,2	2158,2	694,9
" 1962	583,8	5132,9	930,7	2173,4	601,3
" 1963	654,4	5895,4	968,7	2446,7	725,9
" 1964	776,5	6608,2	1195,7	2393,3	1301,9
" 1965	1017,8	8242,1	1403,9	2392,4	1519,7
<u>Mán.lök 1966:</u>					
Janúar	946,4	8296,6	1371,3		
Febrúar	908,9	8308,4	1072,8		
Marz	909,7	8374,3	1182,5		
Apríl	984,2	8592,9	1297,5		
Maí	994,1	8892,4	1260,2		
Júní	1036,1	8922,6	1340,2		
Júlí	1068,7	9131,4			
<u>I vísitölum:</u>					
1961	100	100	100	100	100
1962	114,5	112,9	83,0	100,7	86,5
1963	128,3	129,6	86,4	113,4	104,5
1964	152,3	145,3	106,6	110,9	187,4
1965	199,6	181,2	125,2	110,9	218,7
1966 (júlílok)	209,6	200,8			

Heimild: Fjármálatíðindi.

Tafla A II

Kjararannsóknarnefnd

Yfirlit um peningamál

<u>Millj. kr.</u>	<u>Gjaldeyris- staða bankanna</u>	<u>Bundnar innstæður Seðalb.</u>	<u>Spariinn- lán viðskipta- banka og sparisjóða</u>	<u>Velti- innlán viðskiptab. og sparisj.</u>
	1	2	3	4
Arslok 1961	526,6	318,2	2725,4	1051,9
" 1962	1150,0	591,3	3491,8	1237,0
" 1963	1311,3	796,9	4208,5	1180,9
" 1964	1592,8	1098,1	4962,7	1501,1
" 1965	1911,9	1388,0	6172,3	1817,4
<u>Mánlok 1966:</u>				
Janúar	1976,4	1438,9	6344,8	2030,3
Febrúar	2093,3	1515,3	6406,2	1919,5
Marz	2002,8	1536,2	6464,3	1843,3
Apríl	1982,3	1558,9	6526,4	1912,9
Máí	1920,7	1580,7	6528,6	1978,9
Júní	1869,5	1600,6	6592,9	1935,2
Júlí	1719,7		6626,6	1973,5
<u>I vísitölum:</u>				
1961	100	100	100	100
1962	218,4	185,8	128,1	117,6
1963	249,0	250,4	154,4	112,3
1964	302,4	345,1	182,1	142,7
1965	363,1	436,2	226,5	172,8
1966 (júlílok)	326,6	503,0	243,1	187,6

Heimild: Fjármálatíðindi.

Fiskaflinn 1961 - júníloka 1966

Í töflu B I eru dregnar saman upplýsingar um fiskaflann á tímabilinu 1961 til júníloka 1966. Fiskaflinn er hér sundurliðaður eftir tegundum, og magn hvernar tegundar sýnt í þús. tonna í töflunni. Taflan sýnir greinilega sveiflurnar í aflamagni hvernar tegundar ár frá ári. Meginuppistaðan í aflamagninu eru þorskur og síld, minnst 80,9 % af heildarafla árið 1961, en mest 85,0 % árið 1964. Síld og loðna eru frá 45,9 % af heildaraflamagni 1961 til 67,8 % 1965.

Aflamagnið hefur sífellt verið að aukast öll þessi ár, eða úr 709,9 tonnum 1961 í 1199,0 tonn árið 1965, og er orðið 531,1 tonn á fyrra ársþelmingi 1966, en þá er meginhluti síldveiðinnar enn ekki kominn á land.

Síldaraflinn hefur vaxið öll þessi ár, að árinu 1963 undanskildu, en það ár er hann um 83 þús. tonnum minni en árið 1962.

Mjög áberandi eru sveiflurnar í þorskafnanum ár frá ári, en þær eru þannig, miðað við næsta ár á undan:

Þorskafli 1962	÷	25,3 þús. tonn	10,2 %
" 1963	+	11,8 " "	5,3 %
" 1964	+	45,5 " "	19,3 %
" 1965	÷	36,7 " "	13,0 %

Í júnílok 1966 er þorskafllinn orðinn 196,3 þús. tonn eða lítið eitt meiri en allt árið 1961, og um 18 þús. tonnum meiri en á sama tíma 1965, miðað við upplýsingar, sem fyrir lágu á sama tíma (Ægir 1. okt. 1965, bls. 279) árið 1965, en um 9 þús. tonnum minni (4,5 %) en á sama tíma í fyrra, þegar allar upplýsingar um aflamagnið það ár voru komnar fram. Hversu mikið vantar af upplýsingum um aflann jan.-júní 1966, þegar þær skýrslur eru teknar saman, sem nú liggja fyrir, er enn ekki vitað og ekki unnt að spá um. Síldar- og loðnuafli er orðinn um 66 þús. tonnum meiri í júnílok en á sama tíma 1965.

Í töflunni er sýnd breytingin á aflamagninu allt árið 1965, miðað við allt árið 1961 (dálkur 6) í hundraðstólum. Af þeim 15 liðum, sem aflamagninu er hér skipt í, er um að ræða aukningu á sjö tegundum, en minnkun á átta tegundum. Þær tegundir, sem verulega minna aflast af 1965 en 1961, skipta ekki höfuðmáli, þegar á heildina er lítið, en þessar tegundir eru langa, steinbítur, keila, heilagfiski, annar flatfiskur og rækja.

Tafla B I

Kjararannsóknarnefnd
Fiskaflinn 1961 - júníloka 1966
miðað við fisk upp úr sjó

Magn þús. tonn	1961	1962	1963	1964	1965	Mism,% '61-'65	1966 1/1-30/6
	<u>1</u>	<u>2</u>	<u>3</u>	<u>4</u>	<u>5</u>	<u>6</u>	<u>7</u>
Dorskur	248,7	223,4	235,2	280,7	244,0 ÷	1,9	196,3
Ysa	51,4	54,3	51,2	56,7	53,7	4,5	18,5
Ufsi	14,8	13,5	14,3	21,8	24,9	68,2	11,7
Langa	6,5	7,1	5,6	5,0	5,1 ÷	21,5	2,5
Steinbitur	13,1	13,4	17,4	8,3	7,6 ÷	42,0	7,1
Keila	5,6	5,3	5,8	3,5	2,3 ÷	58,9	1,1
Karfi	28,5	22,3	32,9	27,7	29,9	4,9	8,7
Heilagfiski	1,8	1,5	1,2	1,2	1,0 ÷	44,4	0,3
Skarkoli	4,8	5,0	3,3	5,3	7,3	52,1	2,7
Annar flatfiskur	3,0	2,3	2,0	1,8	2,0 ÷	33,3	0,4
Síld	325,9	478,1	395,2	544,4	762,9	134,1	153,4
Loöna	-	-	1,1	8,6	49,7	-	124,7
Humar	1,5	2,5	5,2	2,6	3,7	146,7	1,3
Rækja	1,4	0,7	0,6	0,6	0,9 ÷	35,7	1,1
Ósundurliðað	2,9	2,7	2,6	3,3	4,0	37,9	1,3
Samtals	709,9	832,1	773,6	971,5	1199,0	68,9	531,1

Meðaltal
'61-'65

Þar af:

Síld og loöna	325,9	478,1	396,3	553,0	812,6	149,3	513,1
Annað	<u>384,0</u>	<u>354,0</u>	<u>377,3</u>	<u>418,5</u>	<u>386,4</u>	<u>0,6</u>	<u>384,0</u>
Samtals	709,9	832,1	773,6	971,5	1199,0	68,9	897,1

% af afla

Síld og loöna	45,9	57,5	51,2	56,9	67,8		
Annað	<u>54,1</u>	<u>42,5</u>	<u>48,8</u>	<u>43,1</u>	<u>32,2</u>		
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0		

Heimildir: Fjármálatíðindi, Ægir.

I heild er aflamagnið 68,9 % meira 1965 en það var árið 1961. Af síld og loðnu aflast 149,3 % meira 1965 en 1961, en af öðrum fiskteygundum 0,6 % meira 1965 en 1961. Taflan ber raunar með sér, að á því árabili, sem hún nær yfir, hefur sí- aukin áherzla verið lögð á síldveiðarnar.

Magn útflutningsvöru 1961 - júnifloka 1966

I töflu B II er sýnt útflutningsmagnið í tonnum árin 1961 til 1965, janúar-júní 1966 og janúar-júní 1965 til samanburðar. Utflutningsmagnið hefur vaxið verulega á því tímabili, sem taflan nær til. Árið 1962 er flutt út 14,8 % meira að magni til en 1961. Árin 1963 og 1964 er útflutningsmagnið mjög svipað bæði árin, eða 24,2 og 26,8 % meira en 1961, og 1965 er útflutningsmagnið um 37 % meira en 1961.

Verulegar breytingar eru milli tegunda eftir verkunaraðferð- um ár frá ári, og má gera ráð fyrir, að aðstæður á erlendum mörkuðum ráði þar mestu. Þannig fer framleiðslan á þurrkuðum saltfiski stöðugt minnkandi frá 1961 til 1964, en árið 1965 er hún rúmlegatvöfalt meiri en 1964. Svipað er að segja um óverkaðan saltfisk. Þá sýnir þessi tafla einnig, að verulegur munur getur verið á birgðabreytingum milli ára. Þannig er t. d. síldaraflinn mun meiri árið 1962 en árið 1963 (tafla B I). En á árinu 1963 er hinsvegar flutt út rúmlega 39 þús. tonnum meira af síldar- afurðum en á árinu 1962. -

Tveir síðustu dálkarnir í töflu B II sýna útflutningsmagnið á fyrri árshelmingi 1966 og fyrri árshelmingi 1965 til saman- burðar. Við þann samanburð kemur í ljós, að saltfiskútflutningur- inn er svipaður, á þessum tíma bæði árin, en skreiðar- og freð- fiskútflutningur til muna minni 1966 en var á sama tíma 1965. Utflutningur síldarafurða, að frystri síld undanskilinni, er til muna meiri á fyrri árshelmingi 1966 en var á sama tíma 1965. Og með hliðsjón af því, að verðið á þessum tíma var yfirleitt hærra 1966 en 1965 (tafla B IV, saltsíld, freðsíld, síldarmjöl) hefur hér verið um hagkvæman útflutning að ræða, þar sem megin- hluti hans hefur verið af framleiðslu ársins 1965.

Útflutningsmagnið í tonnum

	1961	1962	1963	1964	1965	Jan/Júní 1966	Jan/Júní 1965
1. Saltfiskur, þurrkaður	4646	3184	2420	1138	2684	807	1868
2. Saltfiskur, óverkaður	29108	24886	18989	23955	25859	20269	19229
3. Skreið	10674	10653	9616	11580	12244	2831	5477
4. Heilfrystur fiskur	-	2885	3953	4814	7554	3731	2384
5. Fryst flök	44599	50200	47903	54095	49125	20033	28399
6. Isfiskur	39544	31263	36161	34512	30008	13703	17373
7. Rækjur, humar, fryst	506	419	1138	1170	1002	431	231
8. Hrogn, sölt, fryst	5037	5321	6109	8141	6857	5649	4563
9. Fiskmeti, niðursoðið o.p.h.	373	428	340	381	682	678	340
10. Hvalkjöt, hvalmjöl ofl.	3112	3086	3256	4396	4023	662	649
11. Saltsíld, sérverkuð síld	34700	47290	52682	46222	39027	12100	8868
12. Fryst síld og ísvarin	14456	31146	42116	22383	28026	14688	15773
13. Fiskimjöl, karfamjöl	32427	20667	26837	29002	22790	9177	14890
14. Síldarmjöl	37583	48489	76582	96379	124371	56059	34898
15. Síldarlýsi	25000	60478	55149	52403	82172	50468	33031
16. Þorskalýsi, karfalýsi	6902	5327	9403	10320	6398	3373	3063
17. Hvallýsi	1540	1687	3444	4499	3066	-	774
18. Aðrar sjávarafurðir	13993	10528	7654	9770	14812	4789	6685
19. Landbúnaðarafurðir	6724	7844	7439	8210	4731	3087	1524
20. Annað	33843	29980	17072	13756	6720	2320	3056
	344767	395761	428263	437126	472151	224855	203075
Magnvísitala	100,0	114,8	124,2	126,8	136,9		
Heimildir: Verzlunarskýrslur 1961 - 1965. Hagtíðindi 1966							

Verðmæti útflutningsvöru 1961 - '65

Í töflu B III eru dregnar saman upplýsingar um verðmæti útflutnings árin 1961 - 1965. Í töflunni er útflutningnum skipt í 20 flokka eftir vörutegundum. Þrír síðustu flokkarnir í töflunni eru safnflokkar, þar sem um er að ræða nokkrar vörutegundir í hverjum flokki. Verðmæti útflutningsins er hér sýnt á verðlagi hvers árs í milljónum króna.

Í heild hefur verðmæti útflutningsins aukizt úr 3074,7 millj. kr. 1961 í 5563,2 millj. kr. árið 1965 eða um 80,9 %. Aukningin er mjög mismunandi eftir tegundum, og speglast að sjálf-sögðu sveiflur á aflamagni og breytingar milli verkunaraðferða í þessari töflu.

Þannig hefur t. d. verðmæti þurrkaðs saltfisks minnkað úr 95,4 millj. kr. 1961 í 54,7 millj. kr. 1965, en verðmæti saltfisks í heild aukizt úr 422,0 millj. kr. í 491,8 millj. kr. 1965 eða um 16,5 %. Utflutningsverðmæti heilfrysts fisks og frystra fiskflaka hefur aukizt úr 740,6 millj. kr. 1961 í 1244,6 millj. kr. 1965, eða um 68,0 %. Utflutningsverðmæti síldarafurða hafa aukizt úr 737,7 millj. kr. 1961 í 2286,9 millj. kr. 1965, eða 210 %. Utflutningsverðmæti síldarafurða eru 41,1 % af heildar-útflutningnum árið 1965, en var 24 % af heildarútflutningnum árið 1961.

Þessi tafla (tafla B III) skýrir sig sjálf, einkum með hlið-sjón af töflu B II um útflutningsmagn.

Flutningsgjald á útflutningsafurðum á erlendana markað er ekki talið með í töflunni.

Verðbreytingar á útflutningsvöru.

Í töflu B IV er reiknað út meðalverð (kr. pr. kg., ársmeðal-tal) á útflutningsvörum í hverjum flokki, eins og útflutningurinn er flokkaður í þessu yfirliti, árin 1961-1965, en einnig meðalverð 1. ársfjórðungs 1966, meðalverð 2. ársfjórðungs 1966 og loks meðal-verðið í júlí mánuði 1966.

Tafla B III

Kjararannsóknarnefnd

Útflutningur í milljónum króna (fob.)

	1961	1962	1963	1964	1965
1. Saltfiskur, þurrkaður	95,4	64,0	54,0	28,1	54,7
2. Saltfiskur, óverkaður	326,6	296,5	239,3	371,3	437,1
3. Skreið	277,1	281,3	278,6	337,4	375,9
4. Heilfrystur fiskur		37,2	41,1	53,1	96,6
5. Fryst flök	740,6	884,3	896,0	1096,3	1148,0
6. Isfiskur	204,5	171,1	201,6	215,0	189,4
7. Rækja, humar, fryst	44,1	44,5	96,8	109,9	129,8
8. Hrogn, sölt, fryst	57,1	67,3	77,7	107,7	130,0
9. Fiskmeti, niðursoðið	23,3	23,1	16,3	20,1	32,6
10. Hvalkjöt, hvalmjöl ofl.	18,2	22,0	21,4	30,4	32,5
11. Saltsíld	341,5	469,0	552,1	517,1	491,1
12. Fryst síld, ísvarin	76,0	156,2	222,7	131,0	174,8
13. Fiskimjöl, karfamjöl	149,4	129,2	138,3	179,6	157,6
14. Síldarmjöl, loðnumjöl	211,2	314,4	439,7	594,8	943,4
15. Síldarlýsi	136,0	241,7	301,3	417,6	677,6
16. Þorskalýsi, karfalýsi ofl.	55,0	41,0	71,2	94,8	68,3
17. Hvallýsi	12,6	13,7	24,5	37,6	28,2
18. Aðrar sjávarafurðir	42,4	58,7	47,9	59,7	93,5
19. Landbúnaðarafurðir	199,7	243,9	241,5	283,4	189,2
20. Annað	64,0	68,9	80,8	91,0	112,9
	3074,7	3628,0	4042,8	4775,9	5563,2
Verðmætivísitala	100,0	118,0	131,5	155,3	180,9

Heimild: Verzúnarskýrslur

Einingarverð útlutningsafurða kr. pr. kg.

	1961	1962	1963	1964	1965	1966		Júlí
						1.ársfj.	2.ársfj.	
1. Saltfiskur, þurrk.	20,53	20,10	22,31	24,69	20,38	23,10	28,67	-
2. " , óverkaður	11,22	11,91	12,60	15,50	16,90	19,62	19,23	17,91
3. Skreið	25,96	26,41	28,98	29,14	30,70	31,99	31,86	28,31
4. Heilfrystur fiskur	-	12,91	10,40	11,03	12,79	15,43	14,69	15,38
5. Fryst flök	16,60	17,62	18,70	20,27	23,37	29,40	24,96	25,50
6. Isfiskur	5,17	5,47	5,58	6,23	6,31	6,77	6,90	5,93
7. Rækja, humar, fryst	87,07	106,05	85,08	93,88	129,53	105,34	100,77	176,86
8. Hrogn, sölt, fryst	11,35	12,65	12,72	13,23	18,96	11,21	19,24	13,44
9. Fiskur, niðurs. ofl.	62,53	54,03	48,00	52,83	47,82	37,76	62,67	26,78
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	5,84	7,13	6,58	6,91	8,08	9,96	9,91	9,74
11. Saltsíld	9,84	9,92	10,48	11,19	12,58	12,42	12,26	14,29
12. Fryst síld, ísvarin	5,26	5,02	5,29	5,86	6,24	6,32	6,43	-
13. Fiskimjöl, karfamj.	4,61	6,25	5,16	6,19	6,92	7,84	7,36	6,71
14. Síldarmjöl, loðnumj.	5,62	6,48	5,74	6,17	7,59	8,17	7,06	7,35
15. Síldarlýsi	5,44	4,00	5,47	7,97	8,25	7,83	8,10	8,48
16. Þorskalýsi, karfal.	7,96	7,71	7,58	9,34	10,66	10,71	9,61	10,41
17. Hvallýsi	8,21	8,12	7,11	8,36	9,20	-	-	9,94
18. Aðrar sjávarafurðir ¹⁾	3,03	5,58	6,26	6,11	6,31	11,56	6,40	16,65
19. Landbúnaðarafurðir ¹⁾	29,70	31,10	32,46	34,52	39,99	43,52	34,42	-
20. Annað ¹⁾	1,89	2,30	4,74	6,61	16,79	24,06	21,31	-

1) Samanburður milli ára í þessum flokkum hefur takmarkað raunhæft gildi, þar sem um er að ræða margar og mismunandi tegundir, og breytileg hlutföll milli þeirra ár frá ári.

Heimildir: Veralunarskýrslur 1961 - 1965.

Hagtföldi 1966

Þar sem engar upphæðir eru í júlímánuði 1966, hefur ekkert verið flutt út af þeirri vörutegund í mánuðinum, eða að upplýsingarnar veita enga raunhæfa vitneskju (tveir síðustu liðir töflunnar).

Á því skal vakin athygli, að óráðlegt er að leggja of bókstaflega merkingu í hverja tölu fyrir sig. Að baki hverrar tölu liggja staðreyndir, sem ekki speglast að öllu leyti í tölunum. Það er því ekki síður þörf á aðgát í meðferð talna en í "nærveru sálar" eins og einu sinni var sagt. Skulu hér nefnd tvö dæmi, þessu til skýringar:

Meðalverðið á útfluttri skreið var samkv. töflu B IV kr. 30,70 árið 1965. Á fyrsta ársfjórðungi 1966 er meðalverðið kr. 31,99 á öðrum ársfjórðungi kr. 31,86 og í júlí 1966 kr. 28,31. Nú er um nokkra gæðaflokka á skreið að ræða, og mismunandi samsetning á gæðaflokkunum (t. d. meira af lakari gæðaflokkunum í júlí en á 1. og 2. ársfjórðungi) getur verið orsök þeirrar breytingar á meðalverðinu, sem fram kemur, en ekki almenn verðlækkun á erlendum mörkuðum.

Meðalverð á síldarlýsi árið 1965 var kr. 8,25 á kg., en kr. 7,83 á 1. ársfj. 1966 kr. 8,10 á 2. ársfjórðungi 1966 og kr. 8,48 í júlí 1966. Nú er síldarlýsi oft selt samkv. samningum, sem gerðir eru alllöngu fyrirfram. Þær breytingar, sem fram koma í töflunni á síldarlýsi á þessu tímabili, gætu átt rætur sínar að rekja til slíkra samninga, en ekki speglað þá þróun, sem vænta má á næstu mánuðum í þessu efni, þ. e. á þeim hluta af lýsinu, sem enn liggur óseldur og óumsaminn í landinu. Það yrði of langt mál að rekja þessa töflu hér lið fyrir lið og benda á athyglisverðustu atriði hennar, enda ætti þess ekki að vera þörf, þar sem taflan er svo einföld í sniðum, að hún skýrir sig algjörlega sjálf. Á hitt má benda, að heilsársmeðaltöl eru haldbetri til að draga af ályktanir en ársfjórðungs, eða mánaðartölur. Yfirlitið sýnir svo sem við var að búast þá hagstæðu verðlagsþróun, sem verið hefur á erlendum mörkuðum á þessu tímabili, og tölurnar 1966 staðfesta ekki, að botnlaus svartsýni sé réttlætunleg.

Hér fer svo á eftir yfirlit, þar sem reynt er að flokka útflutninginn í megindrátum eftir vinnslugreinum.

Hér ber þó margs að gæta. Má t. d. nefna, að allar greinar fiskverkunar blandast mjög verulega saman, þar sem hraðfrystihúsin stunda oft saltfisk- og skreiðarverkun og mjölvinnslu samhliða framleiðslu á frystum flökum, og frystingu á humar og rækju o. s. frv. Þá er þess að sjálfsögðu enginn kostur að taka tillit til fjölgunar fyrirtækja í þessum iðngreinum, eða aukningar þeirra, sem fyrir voru. Yfirlitið sýnir, að heildartekjurnar á árunum 1961 - 1965 hafa vaxið langsamlega mest í síldariðnaðinum, eða í 466,7 miðað við 100 1961.

Næst kemur svo frýstiiðnaðurinn, þar sem útflutningstekjurnar af frystum vörum hafa á þessu tímabili aukizt úr 100 árið 1961 í 180,8 árið 1965.

A. Síldarverksmiðjur

	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>	<u>1965</u>
Síldarmjöl, millj. kr.	211,2	314,4	439,7	594,8	943,4
Síldarlýsi " "	136,0	241,7	301,3	417,6	677,6
Samtals	347,3	556,1	741,0	1012,4	1621,0
Tekjuvísitala	100,0	160,1	213,4	291,5	466,7

B. Hraðfrystihús

	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>	<u>1965</u>
Heilfrýstur fiskur	-	37,2	41,1	53,1	96,6
Fryst flök	740,6	884,3	896,0	1096,3	1148,0
Rækja, humar, fryst	44,1	44,5	96,8	109,9	129,8
Fryst síld	76,0	132,5	208,5	129,9	164,0
Hrogn, fryst	9,3	13,7	14,9	27,9	34,6
Samtals	870,0	1112,2	1257,3	1417,1	1573,0
Tekjuvísitala	100,0	127,8	144,5	162,9	180,8

Saltfiskvinnsla

Saltfiskur, þurr	95,4	64,0	54,0	28,1	51,7
" óverkaður	326,6	296,5	239,3	371,3	437,1
Samtals	422,0	360,5	293,3	399,4	488,8
Tekjuvísitala	100,0	85,4	69,5	94,6	115,8

Skreið millj. kr.	277,1	281,3	278,6	337,4	375,9
Tekjuvísitala	100,0	101,5	100,5	121,8	135,7

Framleiðsla búvöru 1961 - 1965

I töflu C I eru dregnar saman upplýsingar um framleiðslumagn búvöru (kjöts og mjólkur) árin 1961 - 1965.

Töflunni er skipt í þrjá meginkafla:

1. Framleiðsla á kjöti (tonn)
2. Innvegin mjólk hjá mjólkursamlögum (tonn)
3. Framleiðsluvörur úr innveginni mjólk (tonn)

I ljós kemur, að framleiðsla á dilkakjöti hefur farið minnkandi árin 1961 til 1964, en eykst á árinu 1965 um 916,1 tonn, og er þó enn 415,5 tonnum minni en 1961.

Geldfjárkjöt, ær- og hrútakjöt eykst á árunum 1962 - 1963 um 400-500 tonn, miðað við 1961, en minnkar aftur ofan í svipað magn 1964-1965 og var 1961. Framleiðsla annara kjöttegunda er áætluð á vegum Hagstofu Íslands, og er talið, að þar sé frekar of en vantalið, þó að skekkjan geti ekki verið stór, þar sem um tiltölulega lítið magn er að ræða af hverri kjöttegund. Í heild var kjötframleiðslan mest 1962 eða 102 miðað við 100 1961, en minnst 1964, eða 87,8 miðað við 1961. Árið 1965 er kjötframleiðslan 93,2 miðað við 100 árið 1961.

Innvegin mjólk hefur aukizt ár frá ári á tímabilinu 1961 - 1965, eða úr 81997,9 tonnum í 106515,2 tonn, en það er nær 30 % aukning á þessu 5 ára tímabili. Er aukningin frá fyrra ári mjög jöfn allt tímabilið. Sala á nýmjólk hefur einnig aukizt úr 37624,2 tonnum 1961 í 43053,1 tonn árið 1965, eða um 14,2 %. Þessi aukning er ekki jöfn ár frá ári. Mest er aukningin 1962 og 1964, en minnst 1965. Smjörframleiðslan hefur aukizt úr 1339,3 tonnum 1961 í 1784,7 tonn 1965. Langmest er aukningin á árinu 1965, eða 221,7 tonn frá 1964.

Framleiðsla búvöru, magntölur = tonn

<u>Kjöt</u>	1961	1962	1963	1964	1965
Dilkakjöt	10667,7	10576,3	9648,7	9336,1	10252,2
Geldfjárkjöt	283,4	314,7	300,9	205,4	241,0
Ær- og hrútakjöt	830,9	1287,4	1201,8	610,8	868,7
Heimaslátrað sauðfé ¹⁾	700,0	1080,0	1050,0	1000,0	700,0
Slátur (hausar, hjörtu, lifur) ¹⁾	1600,0	1600,0	1500,0	1500,0	1600,0
Nautakjöt ¹⁾	2000,0	1700,0	1700,0	1500,0	1500,0
Hrossakjöt ¹⁾	1400,0	1300,0	1200,0	1150,0	1100,0
Svínakjöt ¹⁾	400,0	400,0	400,0	400,0	400,0
Alifuglakjöt ¹⁾	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
	17982,0	18358,4	17101,4	15802,3	16761,9
Vísitala	100,0	102,0	95,1	87,8	93,2
<u>Mjólk</u>					
Innvegin mjólk	81997,9	88656,2	94657,7	100496,6	106515,2
Vísitala	100,0	108,1	115,4	122,6	129,9
<u>Framleiðsluvörur</u>					
Nýmjólk	37624,2	40099,8	40764,6	42513,0	43053,1
Rjómi	1026,5	1043,3	1070,0	1061,3	1073,5
Smjör	1339,3	1447,7	1506,4	1541,4	1763,1
Skyr	1877,4	1915,4	1843,8	1831,1	1784,7
Mjólkurostur	564,0	698,6	800,5	1094,8	1424,4
Mysuostur	40,1	67,6	68,7	61,2	51,1
Nýmjólkurduft	42,2	44,9	400,2	670,0	453,1
Undanrennuft	726,8	718,7	444,8	296,8	446,7
Ostaefni	262,8	326,7	422,0	455,6	471,0
Mjólk í niðursuðu	95,9	106,7	96,5	76,8	78,6
Fóðurostur	14,6	40,4	26,0	24,9	9,1

1) Áætlað

Heimild: Árbók landbúnaðarins, Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Framleiðsla á mjólkurostum og mjólkurdufti hefur einnig aukizt mjög mikið á þessu tímabili, mjólkurostur úr 564,0 tonnum í 1424,4 tonn og mjólkurduft úr 40,1 tonni í 453,1 tonn. Framleiðsla á undanrennufti hefur aftur á móti minnkað mikið, úr 726,8 tonnum 1961 í 446,7 tonn 1965, en var aðeins 296,8 tonn 1964, þegar minnst var framleitt af því. Þá hefur framleiðsla á niðursoðinni mjólk einnig minnkað síðustu tvö árin.

Verðlagsgrundvöllur búvara 1961 - 1966.

Í töflu C II er að finna sundurliðaðar upplýsingar um verðlagsgrundvöll búvara eins og hann var ákveðinn haustið 1961, og síðan árlega á hverju hausti til 1966. Verðlagsgrundvöllurinn er settur upp í formi rekstrarreiknings, þar sem annarsvegar eru sundurliðuð gjöld þau, sem grundvöllurinn byggist á, en hinsvegar sundurliðaðar tekjur.

Ef fyrst er litið á gjaldahliðina, kemur í ljós, að kostnaðarliðirnir hafa hækkað mjög mismunandi á þessu tímabili. Vinnulaunaliðurinn, þar sem talið er kaup bóndans, fjölskyldumeðlima og aðkeypt vinna, hefur hækkað mest, úr 98,9 þús. kr. 1961 í 224 þús. kr. haustið 1966, eða um 126,5 %. Vextir hafa hækkað um 98,8 %, kostnaður við vélar 83,1 %, áburður um 82,2 %, viðhald og firning húsa um 80 %, en t. d. viðhald og firning girðinga um aðeins 9 %. Alls hefur gjaldahlið verðlagsgrundvallarins hækkað úr 186,9 þús. kr. 1961 í 377,1 þús. kr. 1966, eða um 101,8 %. Ef kaup vegna vinnu utan búis í tekjuhlið verðlagsgrundvallarins er dregið frá liðnum vinnulaun alls í gjaldahlið, kemur í ljós, að nettó-vinnulaunin í verðlagsgrundvöllinum hafa hækkað á þessu tímabili úr 92,1 þús. kr. 1961 í 210,7 þús. kr. haustið 1966, eða um 128,8 %.

Tekjuliðirnir hafa einnig tekið mismunandi breytingum á þessum árum. Þannig hefur liðurinn tekjur af hrossum hækkað mest, eða um 175 %. Er þar bæði um aukningu á magni og hækkun á verði að ræða. Liðurinn tekjur af sauðfé hefur hækkað um 113,5 %, og af nautgripum 107,0 %. Aðrir liðir hafa hækkað minna.

Þá er sýnt í þessari töflu (C II), hvernig verðlagsgrundvöllur búvara hefur breytt ári frá ári í þúsundum króna og hlutfallslega.

Verðlagsgrundvöllur búvara, haustið:

<u>Gjöld þús. kr.</u>	1961	1962	1963	1964	1965	1966	Hækkun %
							1961-'66
1. Kjarnfóður	20,1	21,0	23,6	29,9	31,5	32,7	62,6
2. Áburður	14,6	15,9	16,6	21,2	22,6	26,6	82,2
3. Viðhald húsa/fyrn.	4,5	7,0	7,4	7,8	8,0	8,1	80,0
4. " girðinga/	3,3	3,1	3,1	3,6	3,8	3,6	9,0
5. Kostn v/véla	15,4	16,9	20,4	24,5	25,4	28,2	83,1
6. Flutningskostn.	8,3	8,6	9,0	10,2	11,5	12,4	49,4
7. Vextir	16,6	24,8	31,2	33,0	33,0	33,0	98,8
8. Annað	5,2	6,0	7,0	8,0	8,0	8,5	63,5
9. Vinnulaun (alls)	98,9	108,5	135,1	167,2	196,5	224,0	126,5
	<u>186,9</u>	<u>211,8</u>	<u>253,4</u>	<u>305,4</u>	<u>340,3</u>	<u>377,1</u>	<u>101,8</u>
Vísitala	100,0	113,3	135,6	163,4	182,1	201,8	
<u>Tekjur þús. kr.</u>							
Af nautgripum	94,3	110,5	133,9	160,3	176,3	195,2	107,0
" sauðfé	67,9	75,3	94,5	116,0	131,0	145,0	113,5
" hrossum	1,6	2,3	2,8	3,4	3,9	4,4	175,0
" garðrækt	5,4	4,1	4,9	5,9	6,5	7,1	31,5
" ýmsu	10,9	12,2	8,8	9,8	10,9	12,1	11,0
" vinnu utan bú	6,8	7,4	8,5	10,0	11,7	13,3	95,6
	<u>186,9</u>	<u>211,8</u>	<u>253,4</u>	<u>305,4</u>	<u>340,3</u>	<u>377,1</u>	<u>101,8</u>
Hækkun ár frá ári þús. kr.	33,6	24,9	41,6	52,0	34,9	36,8	
Árleg hækkun %	21,9	13,3	19,6	20,5	11,4	10,8	
<u>Afurðamagn</u>							
Mjólk þús. kg.	18,9					20,3	7,1
Nautakjöt kg.	342					368	7,6
Kindakjöt "	2096					2096	0,0
Hrossakjöt "	150					200	33,3
Garðávextir kg.	1500					1000	+ 33,3

Mest hækkar verðlagsgrundvöllurinn, mælt í þúsundum króna, haustið 1964 (52,0 þús) og 1963 (41,6 þús), en minnst haustið 1962 (24,9 þús.). En hlutfallslega mest hækkar verðlagsgrundvöllurinn haustið 1961 (21,9 %) og 1964 (20,5 %), og minnst haustið 1966 (10,8 %) og 1965 (11,4 %).

Þá er einnig sýnt í töflunni, hvernig afurðamagn helztu framleiðslutegunda hefur breytt á þessu tímabili. Mjólkurmagnið í verðlagsgrundvöllinum hefur verið aukið um 7,1 %, nautakjöt um 7,6 %, hrossakjöt um 33,3 %, en garðávextir minnkað um 33,3 %. Magn kindakjöts er óbreytt öll þessi ár.

Fjármunamyndun í þjóðarbúskapnum
1959 - 1964 á verðlagi ársins 1960

Upplýsingar þessar, (A-liður, tafla D I) sem hér fara á eftir, um fjármunamyndunina í þjóðarbúskapnum árin 1959-'64, eru teknar úr Fjármálatíðindum. Tafla D I sýnir fjármunamyndunina í millj. króna á föstu verðlagi (1960). Er fjármunamynduninni skipt í nokkrar megingreinar eins og venja er að flokka hana í slíkum yfirlitum. Hér er um að ræða árlega viðbót nýrrar fjármunamyndunar, og er þar t. d., að því er varðar liðinn flutningataki, ekki dregið frá, ef skip og flugvélar eru seldar úr landi eða tortímast.

Svipað gildir um ýmsa aðra liði, og er rétt að gera sér grein fyrir því. Eins mætti segja, að æskilegt væri, að vélar og tæki t. d. vegna landbúnaðar, fiskveiða og iðnaðar, væru flokkaðar sér.

A-liður í töflu D I sýnir, að samtals er fjármunamyndunin mest árið 1964, 3493,6 millj. kr., en minnst 1961, eða 1946,0 millj. kr. Munurinn milli minnstu og mestu árlegrar fjármunamyndunar á þessu 6 ára tímabili er þannig 1547,6 millj. króna, eða 79,5 %. Er þar um svo stórt bil að ræða, að það hlýtur óhjákvæmilega að segja til sín í þjóðarbúskapnum með margvíslegu móti. Hér ber þó að sjálf-sögðu að taka tillit til þess, hver fólksfjölgunin hefur orðið á þessum umræddu 6 árum, þegar vega skal og meta áhrif þau, sem stórar sveiflur í fjármunamynduninni hafa á þjóðarbúskapinn. Í töflu D I er því sýnd mannfjöldavísitala (sjá einnig töflu E hér á eftir) 1959-'64, þar sem 1959 er sett = 100, en síðan er A-liður töflu D I

umreiknaður með mannfjölda-vísitölunni og þannig fundinn B-liður töflu D I, þ. e. fjármunamyndunin í milljónum króna, miðað við mannfjölda á hverju ári og á föstu verðlagi (1960). Munurinn milli mestu fjármunamyndunar 1964, kr. 3196,3 millj. og minnstu 1961, kr. 1880,2 millj., verður nú 1316,1 millj. kr., eða 70 %, og er það einnig mjög stórt bil. Séu flutningatæki tekin út úr fjármunamynduninni, verður munurinn milli 1961 og 1964 (B-liður, tafla D I) 1018,7 millj. kr., eða 61,6 %. Ennþá stærri sveiflur eiga sér þó stað í einstöku greinum fjármunamyndunar milli ára. Þannig er t. d. fjármunamyndunin mest í fiskveiðum (A-liður) 1961 478,2 millj. kr. (móti 203,6 millj. 1959), en dettur síðan niður í 108,2 millj. kr. 1961 og 150,6 millj. kr. 1962, en fer síðan ört vaxandi, og ber þá að hafa í huga, að hér er reiknað með föstu verðlagi. Fjármunamyndun í flutningatækjum er mest 1964 kr. 572,3 millj. (tafla D I-A liður), en minnst 222,6 millj. kr. 1962. Fjármunamyndun í íbúðarhúsum er mest 705,1 millj. kr., en minnst 442,2 millj. (D I-A), munurinn er um 59,5 %.

Ef litið er á B-lið töflu D I, eru þessar sveiflur í fjármunamyndunni milli ára einnig mjög stórar, þó að það dragi í flestum tilfellum nokkuð úr þeim, að þar er tekið tillit til árlegrar fólksfjölgunar. Í töflu D II er sýnt meðaltal fjármunamyndunarinnar 1960-1964, með tilliti til fólksfjölgunar þessi ár (tafla D I-B-liður), og fjármunamyndunin 1959.

Niðurstöður þessa yfirlits sýna, að í heild hefur magn fjármunamyndunar á mann verið 7,8 % meira að meðaltali á þessu 5 ára tímabili en árið 1959. Mest hefur meðaltalsaukningin orðið á liðunum verzlunarhús o. þ. h. 103,0 %, 29,5 % meðalaukning á liðunum fiskveiðar og 28,6 % aukning á flutningatækjum, 40,6 % meðalaukning á samgöngumannvirkjum og 42 % á opinberum byggingum, allt miðað við árið 1959.

Á fjórum liðum (af 11) hefur magn fjármunamyndunar á mann verið minna á þessum árum að meðaltali en árið 1959.

Þessir liðir eru:

Virkjanir og veitur	26,4 %
Íbúðarhús	18,3 %
Ymsar vélar og tæki	7,3 %
Landbúnaður	2,0 %

Tafla D I

Kjararannsóknarnefnd

Fjármunamyndun í þjóðarþúskapnum 1959-64
í milljónum kr. á verðlagi ársins 1960 ¹⁾

A	1959	1960	1961	1962	1963	1964
Landbúnaður	249,1	207,9	215,7	245,6	290,4	333,8
Fiskveiðar	203,6	478,2	108,2	150,6	287,2	365,6
Iðnaður (sjávarafurðir)	108,4	107,8	92,6	179,4	173,7	154,3
" (annar)	133,7	137,9	127,7	153,4	229,7	241,1
Ymsar vélar og tæki	95,7	61,4	66,2	69,3	150,7	124,1
Virkjanir og veitur	243,1	197,8	137,1	165,8	232,6	212,5
Flutningatæki	230,0	247,4	234,1	222,6	296,1	572,3
Verzlun o. þ. h.	57,0	97,3	110,5	109,9	152,2	142,3
Ibúðarhús	662,5	577,9	442,2	498,5	637,5	705,1
Samgöngu-mannvirki	210,4	253,8	246,0	304,4	349,1	414,0
Opinberar byggingar	116,0	131,6	165,7	174,3	172,0	228,5
Samtals	2309,5	2499,0	1946,0	2273,8	2971,2	3393,6
Mannfjöldavísitala	100,0	102,0	103,5	105,5	107,4	109,3
B Fjármunamyndunin						
<u>miðað við mannfjölda (1959=100)</u>						
Landbúnaður	249,1	203,8	208,4	232,8	270,4	305,4
Fiskveiðar	203,6	468,8	104,5	142,7	267,4	334,5
Iðnaður (sjávarafurðir)	108,4	105,7	89,5	170,0	161,7	141,2
" (annar)	133,7	135,2	123,4	145,4	213,9	220,6
Ymsar vélar og tæki	95,7	60,2	64,0	65,7	140,3	113,5
Virkjanir og veitur	243,1	193,9	132,5	157,2	216,6	194,4
Flutningatæki	230,0	242,6	226,2	211,0	275,7	523,6
Verzlun o. þ. h.	57,0	95,4	106,8	104,2	141,7	130,2
Ibúðarhús	662,5	566,6	427,2	472,5	593,6	645,1
Samgöngu-mannvirki	210,4	248,8	237,7	288,5	325,0	378,8
Opinberar byggingar	116,0	129,0	160,0	165,2	160,2	209,0
Samtals	2309,5	2450,0	1880,2	2155,2	2766,5	3196,3
Vísitala fjármunamyndunar	100,0	106,1	81,4	93,3	119,8	138,4

1) Heimild: Fjármálatíðindi

En vegna þess, hvað þessir 4 liðir (af 11 liðum) eru mikill hluti heildarfjármunamyndunarinnar (54,1 % árið 1959), verður niðurstaðan sú, þrátt fyrir mikla hlutfallslega aukningu á ýmsum öðrum liðum, að heildaraukningin á þessu 5 ára tímabili er aðeins 7,8 % að meðaltali á ári eins og áður segir.

I töflu D II er einnig sýnd afstaða fjármunamyndunar á mann til vergra þjóðartekna á mann árin 1959 - '64. I fyrstu línu töflunnar eru skráðar vergar þjóðartekjur árin 1959 - '64.

Þessar upplýsingar eru teknar ú skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs fyrir árin 1960 - '64, en árið 1959 úr skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Önnur lína í töflunni sýnir þjóðartekjurnar á mann (sbr. 1. línu, þjóðartekjur, og töflu E. mannfjöldavísitala), þar sem árið 1959 er sett 100. Þriðja lína sýnir fjármunamyndunina á mann (sbr. töflu D I-B. liður). I fjórðu línu er svo sýnd afstaða fjármunamyndunar á mann, til þjóðartekna á mann. (Fjármunamyndun á mann deilt með þjóðartekjum á mann sinnum 100).

Þessi vísitala sýnir talsverðar sveiflur upp og niður fyrir 100 frá ári til árs. Þannig er hún lægst 1961 eða 78,7, en hæst 1964 eða 112,2. Ef hér er tekið 5 ára meðaltal (1960-1964), verður niðurstaðan 97,1 miðað við 100 árið 1959, sem sýnir, að framlag þjóðarinnar til fjármunamyndunar (á föstu verðlagi og með tilliti til fólksfjölda og þjóðartekna) hefur verið lítið eitt minna á ári að meðaltali á þessu fimm ára tímabili, en árið 1959.

Fimmta lína töflunnar sýnir það sama og fjórða lína, nema hvað flutningataki eru hér tekin út úr fjármunamyndunni. Fimm ára meðaltal (1960 - '64) fjármunamyndunnarinnar án flutningataka er 95,4 á móti 100 árið 1959.

Tafla D II

Kjararannsóknarnefnd

Fjármunamyndunin 1959-'64

miðað við mannfjölda í millj. kr. á verðlagi ársins 1960

	<u>1959</u>	<u>Meðaltal</u> <u>1960-'64</u>	<u>Breyting %</u>
Landbúnaður	249,1	244,2	+ 2,0
Fiskveiðar	203,6	263,6	+ 29,5
Iðnaður(sjávarafurðir)	108,4	133,6	+ 23,2
" (annar)	133,7	167,7	+ 25,4
Ymsar vélar og tæki	95,7	88,7	+ 7,3
Virkjanir og veitur	243,1	178,9	+ 26,4
Flutningatæki	230,0	295,8	+ 28,6
Verzlun o. p. h.	57,0	115,7	+ 103,0
Ibúðarhús	662,5	541,0	+ 18,3
Samgöngumannvirki	210,4	295,8	+ 40,6
Opinberar byggingar	116,0	164,7	+ 42,0
Samtals	<u>2309,5</u>	<u>2489,7</u>	+ 7,8

Afstaða fjármunamyndunar á mann til vergra þjódartekna
á mann 1959-'64, á verðlagi ársins 1960

Millj. kr.	<u>1959</u>	<u>1960</u>	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>
Þjódartekjur ¹⁾	<u>7963</u>	<u>8089</u>	<u>8521</u>	<u>9241</u>	<u>9905</u>	<u>10735</u>
Þjódartekjur á mann	100,0	99,6	103,4	110,0	119,8	123,3
Fjármunamyndun á mann	100,0	106,1	81,4	93,3	119,8	138,4
Afstaða fjármuna- myndunar til þjóðar- tekna (á mann)	100,0	106,5	78,7	84,8	103,5	112,2
<u>An flutningatækja</u>	100,0	106,5	76,9	85,9	103,5	104,2

1) Heimild: Efnahagsstofnunin.

Tafla E

Mannfjölgunin nettó

1960 =	19,6 o/oo
1961 =	15,5 o/oo
1962 =	18,8 o/oo
1963 =	18,5 o/oo
1964 =	17,6 o/oo
1965 =	18,3 o/oo

Mannfjöldavísitala

	<u>Vísitala</u>
1959 = 100,00 =	100,0
1960 = 101,96 =	102,0
1961 = 103,54 =	103,5
1962 = 105,49 =	105,5
1963 = 107,44 =	107,4
1964 = 109,33 =	109,3
1965 = 111,33 =	111,3

Hér er reiknað með nettófólksfjölgun árlega, þar sem ekki er aðeins tekið tillit til fæðra umfram dána, heldur einnig til þeirra, sem flytja búferlum til landsins og frá landinu.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Innflutningurinn 1961 - 1965.

Í verzlunarskýrslum er gerð tilraun til að flokka innflutninginn í þrjá höfuðflokka, þ. e. neytluvörur, rekstrarvörur og fjárfestingarvörur. Um þessa flokkun segir svo í verzlunarskýrslum. "Flokkun innflutningsins eftir notkun er miklum vandkvæðum bundin, fyrst og fremst vegna þess að sumar vörutegundir falla á fleiri en einn hinna þriggja aðalflokka, auk þess sem þær geta talizt til tveggja eða fleiri undirflokka hvers aðalflokks.

Í stað þess að skipta innflutningi hveurrar slíkrar vörutegundar eftir notkun hennar - en það er óframkvæmanlegt - hefur hér verið farin sú leið að skipa slíkum vörur þar í flokk, sem notkun þeirra er talin mest. Eldsneytisvörur (olía, benzín og kol) hafa hér sérstöðu, bæði vegna þýðingar þeirra og margbreytni í notkun, og var sú leið farin að setja þær í sérstakan lið í rekstrarvöruflokknum. Í því sambandi verður að hafa í huga, að heildarverðmæti neytluvöruflokksins er í yfirlitinu of lágt, svarandi til þess hluta eldsneytisinnflutningsins, sem fer til neytlu (t. d. benzín á fólksbíla, olía til húsaýndingar o. s. frv.). Þessi dæmi eru tekin hér aðeins til þess að skýra yfirlitið um flokkun innflutningsins og stúðla að því, að menn noti niðurstöður þess með varfærni-. Rétt er að geta þess sérstaklega, að allar hrávörur og efni-vörur til innlendra neytluvöruframleiðslu eru í yfirlitinu taldar neytluvörur en ekki rekstrarvörur.-"

Með þessum fyrirvara eru dregnar saman í töflu F I hér á eftir upplýsingar um flokkun innflutningsins og heildarinnflutninginn ár hvert (dálkur 4) árin 1961 - 1965. Er hér því einu breytt frá flokkuninni í verzlunarskýrslunni, að fólksbílur eru hér flokkaðir undir neytluvörur, en ekki fjárfestingarvörur, þar sem það virðist réttara. Um þetta atriði segir svo í verzlunarskýrslum."- Sömu leiðis má halda því fram, að t. d. fólksbílur, sem taldir eru með fjárfestingarvörum, ættu frekar að vera í neytluvöruflokknum, ekki síður en aðrar varanlegar neytluvörur þar, svo sem rafmagnsheimilistæki.-"

Tafla F I er í þrem hlutum. Fyrsti hlutinn sýnir innflutninginn í milljónum króna (cif-verð) á verðlagi hvers árs. Annar hluti töflunnar sýnir hlutfallslega skiptingu (%) innflutningsins árlega í neytluvörur, rekstrarvörur og fjárfestingarvörur. Þriðji hluti töflunnar sýnir svo vöxt innflutningsins frá 1961 til 1965 mældan í vísitölum, þar sem 1961 er sett = 100.

Alls hefur innflutningurinn vaxið á þessu 5 ára tímabili um 2673,2 millj. kr. eða nær 83 %. Mest verður aukningin á einu ári árið 1964 eða 918,9 millj. kr. en minnst árið 1965 eða kr. 265.6 millj. kr. Sé litið á flokkun innflutningsins kemur í ljós, að mest hefur innflutningur á fjárfestingarvörum aukizt á þessu tímabili úr 1226,1 millj. kr. 1961 í 2504,4 millj. kr. árið 1965 eða rúmlega tvöfaldast að verðmæti til á þessu 5 ára tímabili. Mest verður aukningin á innflutningi fjárfestingarvara árin 1963 og 1964 eða rúmlega 500 millj. króna hvort árið um sig. Árið 1965 er innflutningurinn hinsvegar um 50 millj. kr. minni en 1964.

Neytluvöruflokkurinn hefur aukizt úr 1062,7 millj. kr. árið 1961 í 2062,1 millj. kr. 1965 eða um 94 %. Aukning neytluvöruinnflutningsins er tiltölulega jöfn þessi 5 ár, en þó mest árið 1963, eða 311,1 millj. kr. aukning það ár. Innflutningur rekstrarvöru hefur aukizt minnst á þessu tímabili eða um 42,1 %, úr 939,6 millj. kr. í 1335,1 millj. Aukningin á innflutningi á rekstrarvörum er mest fyrsta árið 151,0 millj. króna, en fer svo árlega minnkandi úr því. Sé litið á hlutfallstölurnar eru rekstrarvörunar 29,1 % af heildarinnflutningnum árið 1961, en 22,6 % árið 1965. Að öðru leyti vísast til töflu F I.

Rétt er að taka það fram, að innflutningurinn 1961 (og útflutningur) er í verzlunarskýrslunni umreiknaður miðað við gengið eins og það varð með bráðab. l. nr. 79 l. ágúst 1961. Eru því öll árin reiknuð með sama gengi í þessum töflum.

Samkvæmt Hagtíðindum er innflutningurinn alls á tímabilinu janúar - júlí 1966 orðin 3849,9 millj. króna, en var á sama tíma 1965 3312,3 millj. króna.

Hér er um að ræða 16,2 % aukningu á innflutningnum fyrstu sjö mánuði ársins 1966 miðað við sama tíma 1965. Ef þessi aukning héldist allt árið 1966 yrði innflutningurinn á þessu ári 6800 millj. króna. Um það verður ekkert fullyrt hér, en þó er þegar ljóst, að aukning innflutningsins á árinu 1966 verður það mikil, að láta mun nærri, að hann verði tvöfalt meiri en árið 1961.

Tafla F I

Innflutningurinn í milljónum króna 1961 - 1965
á verðlagi hvers árs. (c. i. f.)

<u>Beinar tölur</u>	<u>Neyzlu- vörur</u>	<u>Rekstrar- vörur</u>	<u>Fjárfestingar- vörur</u>	<u>Alls</u>
	<u>1</u>	<u>2</u>	<u>3</u>	<u>4</u>
1961	1062,7	939,6	1226,1	3228,4
1962	1258,9	1090,6	1487,1	3836,6
1963	1501,5	1201,7	2013,9	4717,1
1964	1812,6	1271,3	2552,1	5636,0
1965	2062,1	1335,1	2504,4	5901,6
<u>Hlutfallstölur</u>				
1961	32,9	29,1	38,0	100,0
1962	32,8	28,4	38,8	100,0
1963	31,8	25,5	42,7	100,0
1964	32,2	22,5	45,3	100,0
1965	35,0	22,6	42,4	100,0
<u>Visitölur</u>				
1961	100,0	100,0	100,0	100,0
1962	118,5	116,1	121,3	118,8
1963	141,3	127,9	164,3	146,1
1964	170,6	135,3	208,1	174,6
1965	194,0	142,1	204,3	182,8

Heimild: Verzlunarskýrslur 1961 - 1965

1)
 Vísitölur tímakaups og vísitölur
kaupmáttar tímakaups.

Eins og skýrt er frá í Fréttabréfi 2 hefur Kjararannsóknarnefnd undirbúið það að nokkru leyti að reikna út vísitölur, er samstaða gæti orðið um milli launþega og vinnuveitenda að nota sem mælikvarða til að mæla breytingar á tímakaupi og kaupmætti tímakaups annarsvegar og launum og kaupmætti launa hinsvegar. Var það ætlun Kjararannsóknarnefndar að setja vísitölur tímakaups og launa = 100 á sama tíma og ný framfærsluvísitala tæki gildi og yrði sett = 100. Nú hefur orðið dráttur á því að ný framfærsluvísitala tæki gildi og því hefur nefndin ákveðið að birta að þessu sinni vísitölur (typur), er sýna þróun tímakaups og kaupmáttar þess hjá ákveðnum hópum Dagsbrúnarverkamanna. Samkvæmt sérstakri neyzluvísitölu, sem samkomulag hefur orðið um skýrgreiningu á í nefndinni og aðildarsamtökin fallið á sem viðmiðunargrundvöll. Eru þessir hópar þannig valdir, að sá fyrsti, almenn vinna (I.taxti) sýnir verkamenn, sem enga taxtatilfærslu hafa fengið frá 1. marz 1959. Annar hópurinn, almenn fiskvinna, hefur á þessu tímabili flutzt um tvo taxtaflokka, og er þar með fulltrúi fyrir æði marga aðra starfshópa. Þriðji hópurinn, almenn hafnarvinna, er svo sá hópur Dagsbrúnarverkamanna, sem mestar taxtatilfærslur hefur fengið á þessu tímabili. Vinnu við útreikninga þá, sem hér fara á eftir er þá þannig háttað: Tímakaupið er skráð þann dag, sem nýr kjarasamningur tekur gildi eða breyting verður á tímakaupinu vegna breytinga á kaupgreiðsluvísitölu. Tekið er tillit til flutnings milli taxtaflokks (fiskvinna, hafnarvinna) þegar um slíkt hefur verið samið. Þá er reiknað út ársmeðaltal tímakaupsins.

- 1) Orðið tímakaup í þessari grein merkir samningsbundið tímakaup í dagvinnu. Vísitala launa byggist hinsvegar á því kaupí, sem raunverulega er greitt, að meðtaldri yfirvinnu.

Er þá tímakaupið samkvæmt framangreindri skráningu (taxta-tilfærslur) margfaldað með gildisdögum þess og deilt í útkomuna með 365. Nú er tekið tillit til aldurshækkana frá 10. 7. 1965 þannig, að samkvæmt athugun, sem gerð var fyrir árin 1965 og 1966 eru 55 % taldir taka kaup samkvæmt kauptöxtum "0-2 ár" og 45 % samkvæmt töxtum "eftir 2 ár" árið 1965, en 50 % samkvæmt töxtum "0-2 ár " og 50 % samkvæmt töxtum "eftir tvö ár" árið 1966.

Þá er enn eftir að taka tillit til vikukaupsgreiðslna frá 1. 7. 1964, þ. e. greiðslu fyrir umsamda helgidaga. Nú eru umsamdir helgidagar Dagsbrúnarverkamanna 3,73 % af ársvinnutíma (dagvinna) ef reiknað er með að vinnuvikan sé 5 ½ dagur. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja er talið að um 35 % verkamanna, séu á tímakaupi, en um 65 % á vikukaupi. Samkvæmt þessu á þá að hækka það tímakaup, sem að framan greinir um 1,21 % 1964 og 2,42 % árin 1965 og 1966 vegna vikukaupsgreiðslna.

Þá er rétt að taka það fram, að reiknað er með því að tímakaupið 1. des. sl. verði óbreytt til áramóta. Hér fer þá á eftir yfirlit yfir tímakaup þeirra hópa Dagsbrúnarverkamanna, sem í upphafi er greint frá. Þar sem tekið er tillit til allra þeirra atriða, sem hér hafa verið rakin á þann veg sem frá er skýrt. Er tímakaupið í yfirlitinu sýnt bæði án orlofs og með orlofi, eins og orlof var á hverjum tíma samkvæmt samningi. Áhrif vinnutímastyttingar 10. 7. 1965 koma einnig fram til hækkunar á tíma-kaupi í dagvinnu, en vinnutímastyttingin var 4 klst. eða 9,16 %.

Rétt er að benda á það, að stytting vinnutímans hefði ekki haft áhrif til hækkunar á t. d. vísitölu vikukaups í dagvinnu, ef hún hefði verið reiknuð út. Þá munu áhrif vinnutímastyttingarinnar einnig sýna aðra breytingu í vísitölu launa (sbr. skýringu í Fréttabréfi 2 bls. 3) þegar hún verður reiknuð út, en hér kemur fram í vísitölu tímakaupsins.

Tímakaup þriggja hópa Dagsbrúnarmanna

1. 3. 1959 - 31. 12. 1966

30

Taxtatilfærslur, aldurshækkánir og vikukaupsgreiðslur meðtalið.

Ársmeðaltöl tímakaups, kr. pr. klst.

	Frá 1. marz.							
	<u>1959</u>	<u>1960</u>	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>	<u>1965</u>	<u>1966</u>
<u>1. Án orlofs.</u>								
Almenn vinna (1. taxti)	20,67	20,67	21,71	23,95	27,12	33,41	38,57	45,75
Almenn fiskvinna	20,67	20,67	21,71	23,95	27,35	33,94	39,39	46,97
Almenn hafnarvinna	20,67	20,67	21,71	24,17	27,76	35,42	41,41	49,52
<u>2. Með orlofi.</u>								
Almenn vinna	21,91	21,91	23,02	25,39	28,75	35,58	41,27	48,95
Almenn fiskvinna	21,91	21,91	23,02	25,39	28,99	36,15	42,15	50,26
Almenn hafnarvinna	21,91	21,91	23,02	25,63	29,43	37,72	44,31	52,99

Samkvæmt þessu yfirliti verða vísitölur tímakaups þessar.

Ár

<u>1. Án orlofs.</u>	Almenn vinna (1.taxti)	Almenn fiskvinna	Almenn hafnarvinna
1959(frá 1. 3.)	100	100	100
1960	100	100	100
1961	105	105	105
1962	115,9	115,9	116,9
1963	131,2	132,3	134,3
1964	161,6	164,2	171,4
1965	186,6	190,6	200,3
1966	221,3	227,2	239,6
<u>2. Með orlofi.</u>			
1959(frá 1. 3.)	100	100	100
1960	100	100	100
1961	105,1	105,1	105,1
1962	115,9	115,9	117,0
1963	131,2	132,3	134,3
1964	162,4	165,0	172,2
1965	188,4	192,4	202,2
1966	223,4	229,4	241,9

Samkvæmt samkomulagi Kjararannsóknarnefndar um grundvöll neyzluvísitölu og staðfestingu aðildarsamtakanna á því samkomulagi (sbr. Fréttabréf 2 og það, sem segir hér að framan), verður samsetning neyzluvísitölnunnar þessi: A-liður framfærsluvísitölnunnar (frá 1959), ársmeðaltöl (með umreikningi vísitölugrundvallarins frá 1959, sem framkvæmdur var 1960), að viðbættum nefsköttum. Rétt þykir að birta hér upphæð nefskatta eins og hún hefur verið þessi ár:

	<u>Alm. tr.</u>	<u>Sóknar gjald</u>	<u>Námsb- gjald</u>	<u>Sjúkra- samlag</u>	<u>Útvarp afn. gj.</u>	<u>Samtals</u>
1959	1250	134	95	820	200	2499
1960	1400	128	160	948	300	2936
1961	1650	200	154	1058	300	3362
1962	2090	200	174	1296	360	4120
1963	2300	200	203	1500	400	4603
1964	3135	500	200	2040	530	6405
1965	3135	500	225	2280	530	6670
1966	3850	500	306	2760	620	8036

Ársmeðaltöl grundvallar neyzluvísitölu með grunntölu 1. 3. 1959 (og umreikningi 1960) og neyzluvísitalan verður þá þessi:

	<u>Upphæð kr.</u>	<u>Neyzlu- vísitala</u>
1959	50,876	100,0
1960	55,763	109,6
1961	62,146	122,2
1962	69,903	137,4
1963	78,545	154,4
1964	94,857	186,4
1965	101,681	199,9
1966	115,230	226,5

Samkvæmt þessu hefur neyzluvísitala með grunntölu 1. 3. 1959 (ársmeðaltöl) hækkað úr 100 í 226,5 árið 1966 (desember vísitalan 1966 reiknuð eins og nóvember 1966).

Hér á eftir fara þá loks vísitölur kaupmáttar tímakaups þeirra þriggja hópa Dagsbrúnarverkamanna, sem um getur í upphafi þessa máls, byggðar á þeim útreikningum, sem hér hafa verið raktir lið fyrir lið.

Vísitölur kaupmáttar tímakaups I:

<u>Án orlofs</u>	I	II	III
	<u>Almennri vinnu</u>	<u>Almennri fiskvinnu</u>	<u>Almennri hafnarvinnu</u>
<u>Ár</u>			
1959(frá 1/3)	100,0	100,0	100,0
1960	91,2	91,2	91,2
1961	85,9	85,9	85,9
1962	84,4	84,4	85,1
1963	85,0	85,7	87,0
1964	86,7	88,1	92,0
1965	93,3	95,3	100,2
1966	97,7	100,3	105,8
 <u>Með orlofi</u>			
1959(frá 1/3.)	100,0	100,0	100,0
1960	91,2	91,2	91,2
1961	86,0	86,0	86,0
1962	84,4	84,4	85,2
1963	85,0	85,7	87,0
1964	87,1	88,5	92,4
1965	94,2	96,2	101,2
1966	98,6	101,3	106,8

Rétt er að taka það fram, til að fyrirbyggja misskilning, að Kjararannsóknarnefnd telur ekki að þau vísitölusýnishorn, sem hér eru birt um kaupmátt tímakaups séu í sjálfu sér það eina rétta í þessum efnum, (sbr. Fréttabréf 2). Hér er fyrst og fremst um að ræða mælikvarða, sem samkomulag hefur orðið um í nefndinni að nota, þegar meta skal þróun kaupgjaldsmála, og samtök þau, sem að nefndinni standa, hafa fallið á að nota fyrir sitt leyti. Á þetta þó enn frekar við varðandi vísitölur launa og raunverulegra launa, en þær vísitölur, var ætlunin að birta ekki fyrr en nýja framfærsluvísitalan hefði tekið gildi. Verður því enn um stund dokað við með það í trausti þess, að nýja framfærsluvísitalan verði senn tekin í notkun.

Leiðrétting á töflu V
í Fréttabréfi 4 - bls. 12

Þau leiðu mistök urðu í sambandi við útgáfu "Fréttabréfs 4" að reiknings skekkja slæddist inn í töflu V, sem fjallar um vinnulaun og vinnustundir iðnaðarmanna. Er skekkjan í því fólgin að "árslaun og orlof" járnsmiða árið 1965 eru þar talin 234 þús. kr. að meðaltali í stað rúmlega kr. 207 þús. Þegar þetta uppgötvaðist, skömmu eftir útkomu fréttabréfsins, voru árslaun járnsmiða tekin til nýrrar athugunar. Var m. a. safnað nýju úrtaki um laun og vinnutíma járnsmiða 1965, hjá öðrum fyrirtækjum en þeim, sem upplýsingarnar í Fréttabréfi 4 byggðust á. Með þessu móti fengust upplýsingar um 65 menn, sem ekki voru taldir með í upplýsingum í Fréttabréfi 4. Þetta nýja úrtak gaf í meðalárslaun kr. 205,972 eða nánast sagt sömu tölu og fyrra úrtakið, ef skekkjan er frá talin. Rétt er að taka það fram hér, að í Fréttabréfi 3 eru m. a. birtar ársfjórðungslegar upplýsingar um meðaltíma kaup járnsmiða 1965, og hafa þær upplýsingar meira gildi fyrir þá, sem þurfa og ætla að nota þessa statistik, þar sem þær eru byggðar á stærra úrtaki, en upplýsingarnar um meðalárslaun og meðalársvinnutíma. Upplýsingunum um meðalárslaun og meðalársvinnutíma er eingöngu safnað vegna þeirra umræðna, sem verið hafa hér um hina miklu yfirvinnu, og hver tók væru á því að ráða þar bót á. Mikil spurning er, hvort fært reynist að halda þessari upplýsingasöfnun áfram. Þegar úrtakið í hinni ársfjórðungslegu launastatistik hefur verið fært út eins og æskilegt er, og tók eru á.

Af því sem hér að framan segir um meðalárslaun járnsmiða 1965, ber að leiðrétta það, sem um það segir á bls. 5 í Fréttabréfi 4 þannig: Meðalárslaun eru 207 þús. kr. 1965 á móti 183 þús. kr. 1964 eða 13 % hærri. Tíma kaup í dagvinnu án orlofs er kr. 59,9 árið 1965 á móti 52,8 árið 1964 eða 13 % hærri. Samkvæmt upplýsingum í Fréttabréfi 4 voru árslaun verkamanna 16 % hærri að meðaltali árið 1965 en 1964. Þá skal tekið fram, að við nánari könnun hefur komið í ljós, að nokkur fyrirtæki telja 1 % gjald til sjúkrasjóðs iðnaðarmanna með launum þeirra, einnig til skatts. Það ætti ekki að hafa áhrif á samanburð milli ára, en hefur hinsvegar lítilsháttar áhrif við samanburð á launum og reiknuðu tíma kaupi verkamanna og iðnaðarmanna.

Tafla V

Vinnulaun og vinnustundir 1965

Iðnaðarmenn Tímavinna	Fj. úrt.	Vinnustundir pr. mann				Laun orlof þús. kr.	Tímak í dagv kr.	Meðal- tímakaup kr.
		Dvt	Evt	Nvt	Samt			
	1	2	3	4	5	6	7	8
Trésmiðir	7	2170	410	446	3026	246	63,5	76,0
Járnsmiðir	166	2081	352	330	2763	207	59,9	70,1
Bifvélavirkjar	10	2153	317	194	2664	216	67,5	75,8
Skipasmiðir	12	2090	285	236	2611	196	61,9	70,2
Rafvirkjar	23	2170	343	288	2801	218	63,2	72,7

Reiknað er með 50 % eftirvinnuálagi, 87,5 % næturvinnuálagi og 7 % orlofi við útreikning á tímakaupi í dagvinnu í dálki 8. Meðaltímakaup dálkur 9 er án orlofs.

Með þessari töflu fellur úr gildi tafla V í Fréttabréfi 4.